

FUNDARGERÐ

162. stjórnarfundur KRAFT

162. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 7. febrúar 2024, kl. 20.00 á Google Meet.

Fundarmenn : Hinrik, Þórunn Brynja, Auðunn, Kristleifur, María, Lára og Laufey
Fjarverandi: Aron Ingi
Fundarritari : Laufey

1. SÍÐASTA FUNDARGERÐ

Samþykkt.

2. KRAFTLYFTINGAÞING

UNDIRBÚNINGUR

- Ársreikningur og fjárhagsáætlun næsta árs verða send út viku fyrir þing (Aron Ingi).
 - Landslið þarf að nýta betur styrki í heilbrigðisteymi. Það sem er ekki nýtt er skilað baka til Afrekssjóðs.
 - Uppfæra þarf samninga við starfsmenn.
- Skýrsla stjórnar (Hinrik)
- Málefni sem sambandsaðilar eða félög óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu þurfa að berast 4 vikum fyrir þing (10. febrúar).
- Kjörbréfanefnd.
- Þingforseti verður Valdimar Leósson og varaforseti Sigurjón Pétursson.
- Þingritari verður Laufey Agnarsdóttir og varaþingritari María Guðsteinsdóttir.
- Umræða um gestaerindi á þingi. Hinrik heyrir í hvort einhver af samskiptaráðgjafateymi ÍSÍ er tilbúinn að mæta.
- Kosning formanns, stjórnarmanna, formanna fastanefnda og fulltrúar á næsta reglulega þing ÍSÍ í samræmi við lög ÍSÍ.
 - Hinrik gefur áfram kost á sér í formannssætið
 - Þórunn, Laufey og Aron Ingi bjóða sig áfram fram til stjórnarsetu (öll munu senda staðfestingu á kraft@kraft.is)
- Núverandi nefndir og nefndarmeðlimir :
 - Dómaranefnd :*
Formaður: Daníel Geir Einarsson
Aron Ingi Gautason, Helgi Hauksson og Laufey Agnarsdóttir
 - Landsliðsnefnd :*
Formaður: Róbert Kjaran
Helgi Hauksson og Rúnar Friðriksson
 - Laganefnd:*
Formaður :Þórunn Lilja Vilbergsdóttir
Sigurjón Pétursson
 - Mótanefnd :*
Formaður: Ellert Björn Ómarsson
Þórunn Brynja Jónasdóttir
 - Heiðursmerkjanefnd :*
Formaður: Hinrik Pálsson
Kristleifur Andræsson og Auðunn Jónsson
- Tillaga til ályktunar af hálfu stjórnar KRAFT: KRAFT áréttar að sambandið skuldbindur sig til að vinna eftir Viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsstarfs. Tengill verði settur um áætlunina á forsiðu kraft.is. Í áætluninni er m.a. komið inn á fjölbreytileika, ofbeldi, ýmis úrræði.
- Ræða RIG í lok þingsins.
- Seinna fundarboð fer út 2 vikum fyrir, 24. febrúar.

3. RIG

Mótið heppnaðist vel en ekkert gekk að fá erlenda þátttakendur til að mæta, það voru því aðeins íslenskir þátttakendur á mótinu sem er alþjóðlegt mót. Þar með þarf að fá alþjóðlega dómara til landsins sem er kostnaður. Skoða þarf breytingar á fyrirkomulagi (einnar lyftu mót í stað þriggja), hvernig er háttað með kröfur ÍBR og RIG um erlenda þátttakendur, hafa RIG mótanefnd o.s.frv.

Stjórn samþykkti að kalla eftir sjónarmiðum þinggesta um framtíð RIG á næsta Kraftlyftingabingi.

4. BYRJENDAMÓT OG DÓMARAPRÓF

Byrjendamótið heppnaðist mjög vel, sem haldið var í nýrri æfingaaðstöðu kraftlyftingadeildar Ármanns. Stjórn KRAFT óskar þeim til hamingju. Alls voru 25 keppendur á öllum aldri og í lok móts útskrifuðust 6 nýir dómarar.

5. DÓMARAR

FUNDUR

Halda þarf fund fyrir dómara til að ræða hvernig taka beri á erfiðum málum sem geta komið upp á mótum.

TÆKNILEGUR STJÓRNANDI

Á innanlandsmótum hefur ekki náðst að manna tæknilega stjórnanda sem skv. IPF reglum skal vera löggildur dómari. Það er ljóst að umgjörð keppna batnar við að hafa tæknilegan stjórnanda sem passar upp á að keppandi fari inn á pall í útbúnaði sem er í lagi auk þess að gæta að hverjir fá að fara að palli (aðeins keppandi og þjálfari). Er í lagi að tæknilegur stjórnandi sé félagsmaður sem þekkir vel til reglna?

KLÆÐNAÐUR

Með sífellt fjölmennari mótum telur stjórn betra að klæðnaður dómara sé samræmdur og dómarar séu þannig auðþekkkjanlegir á mótum. Lára mun heyra í Errea og fá prufur af svörtum polobolum frá þeim. Rætt um að hafa textann „DÓMARI“ með hvítum stöfum á bakinu og lítið svart/hvít KRAFT logo framan á brjósti.

Stjórn samþykkti eftirfarandi:

- Lára heyri í Errea með svarta poloboli og merkingar á þeim.
- Laufey (er í dómaranefnd) sendir á dómaranefnd punkta um fund um erfið mál á mótum, klæðnað dómara og tæknilegan stjórnanda.

6. MYNDBAND HM Í KRAFTLYFTINGUM Í BÚNAÐI

Komið hefur upp hugmynd um að gera myndband fyrir HM í kraftlyftingum í búnaði sbr. myndbönd sem voru gerð fyrir HM í klassík. Ási sem hefur sinnt streymi fyrir KRAFT getur tekið að sér upptökur en annar þarf að koma að handritagerð. Sonur Þórunnar hefur komið að gerð kynningarmyndbanda fyrir Fimleikasamband Íslands. Hún mun heyra í honum. Í myndbandinu yrði auk reglna sýndur munurinn á kraftlyftingum í búnaði og í klassík.

7. STAÐFESTIR MÓTSHALDARAR

Bikarmótið í klassískum kraftlyftingum og Bikarmót í bekkpressu í búnaði - Breiðablik mótshaldari
ÍM unglinga og öldunga í klassískum kraftlyftingum - Stjarnan mótshaldari
ÍM í réttstöðulyftu (í klassík og í búnaði) - KA Akureyri

ÍM í klassískum kraftlyftingum - Stjarnan

8. ÖNNUR MÁL

- Ítreka þarf við félagsmenn að við skráningu á mót, á að skrá aðstoðarmenn og að þeir eiga að vera félagaskráðir.
- Bæta við M4 kvk flokk kvenna á metasíðu KRAFT (í klassík og í búnaði) - Róbert

9. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Formaður sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

10. FUNDARLOK

Fundi slitið kl. 22.00.